

Nd.

272. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að söluskattur hækki úr 7½% í 11%, en það mun nema hækkun söluskattsins á ársgrundvelli um 830 milljónir króna. Söluskatturinn verður þá alls, miðað við árs-skattlagningu og áætlun um viðskiptaveltu á árinu 1970, um 2.6 milljarðar króna.

Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með aðild Íslands að EFTA. Með þeirri ákvörðun, að Ísland gerðist aðili að EFTA, var því jafnframt slegið föstu, að tollar á ýmsum iðnaðarvörum yrðu lækkaðir og í staðinn skyldi söluskatturinn hækkaður.

Við undirbúning EFTA-málsins kom þetta snemma í ljós. Fulltrúar stjórnarflokkanna, sem höfðu forgöngu um, að Ísland gerðist aðili að EFTA, höfðu tekið það skýrt fram, að um leið og tollar yrðu lækkaðir samkv. EFTA-samkomulagi, yrði söluskattur jafnframt hækkaður, þannig að ríkissjóður tapaði einskis í í tekjum.

Þeir aðilar, sem studdu tillöguna um EFTA-aðild og vissu nákvæmlega um, hvernig málin stóðu, tóku því á sig fulla ábyrgð á hækkun söluskattsins eins og öðrum afleiðingum af EFTA-aðild.

Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson, sem studdu EFTA-aðild, höfðu átt sérstakan fulltrúa í EFTA-nefnd, löngu áður en þeir mynduðu nýjan stjórnmalaflokk, og fylgdust því nákvæmlega með því, sem var að gerast. Fulltrúar þeirra í EFTA-nefnd voru Hannibal sjálfur og í forföllum hans Jón Hannibalsson. Ríkisstjórnarflokkarnir viðurkenna, að hækkun söluskattsins standi í beinu sambandi við aðildina að EFTA. Tilburðir þeirra, sem samþykktu EFTA-aðild, en reyna nú að koma sér undan ábyrgðinni af afleiðingum þeirrar samþykktar, eru brotlegir og aumkunarverðir.

Sú breyting á skattheimtu, sem gerð er með lækkun á tollum á þann hátt, sem nú er gert, og hækkun söluskatts í staðinn, er öllu láglaunafólki mjög í óhag. Tollalækkunin er að mjög verulegu leyti á þeim vörum, sem almennt hafa verið taldar lítið nauðsynlegar og borið hafa háa tolla. Tollarnir eru misháir á vörum, og hefur jafnan verið reynt að gæta þess, að brýnustu nauðsynjar væru lægra tollaðar en ýmsar munaðarvörur, eða vörur, sem ekki geta talizt til beinna nauðsynja. Söluskatturinn er aftur á móti lagður á allar vörur og flesta þjónustu og er lagður með jöfnum þunga á matvörur og á gull og gimsteina, skraut og skartvörur, svo að dæmi séu nefnd.

Söluskatturinn hefur lengi verið talinn af verkalýðshreyfingunni í landinu ósanngjarnasti skatturinn, sem á er lagður. Forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa bent á, að söluskatturinn er sérstaklega óréttlátur gagnvart tekjulágu alþýðufólki. Skattur, sem lagður er með fullum þunga á daglegar lífsnauðsynjar, en ekki er á neinn hátt miðaður við að skattleggja sérstaklega óþarfa eyðslu, er verkafólki og öðru láglaunafólki óhagstæður. Það er því næsta furðulegt, að bæði forseti Alþýðusambandsins og varaforseti þess skuli nú bera ábyrgð á hækkun söluskattsins og þá um leið á óréttlátari skattlagningu á láglaunafólk.

Á það hefur oft verið bent, að söluskatturinn innheimtist illa. Enginn vafi leikur á, að sá söluskattur, sem innheimtur hefur verið af almenningi, kemur ekki allur til skila í ríkissjóð. Ýmsir aðilar í landinu hafa góða aðstöðu til að stinga söluskattinum í sinn vasa. Þegar söluskatturinn er orðinn 11% af útsöluverði og nemur orðið 2.6 milljörðum króna á ári, er mjög líklegt, að 400—500 milljónir króna af skattinum fari til annarra en ríkissjóðs. Dæmi, sem fyrir liggja um skattsvik einstakra fyrirtækja og upp hefur komizt um, sýna, að þessu er svona farið.

Hækkun á söluskattinum, án þess að upp séu teknar nýjar og strangari reglur um innheimtu skattsins, er í rauninni fráleit. Skattur, sem lagður er á allan almenn- ing vegna tekjuþarfar ríkissjóðs, en kemst þó ekki í ríkissjóð nema að nokkrum hluta, er óhæfur skattur, og koma verður í veg fyrir slíka skattlagningu eða slík skattsvik.

Afstaða okkar Alþýðubandalagsmanna til þessa frumvarps er ljós. Við erum andvígir frumvarpinu; erum á móti hækkun söluskattsins. Við teljum, að rétt sé að endurskoða alla skattheimtu ríkisins, m. a. með það fyrir augum að lækka tolla í vissum tilvikum, en þó teljum við, að leggja beri mesta áherzlu á að lækka eða leggja niður söluskattinn.

Skattheimtan þarf að miðast við aukna skattlagningu á eyðslu og gróða og einnig við það, að þeir beri hæsta skatta, sem breiðust hafa bökin.

Hækkun söluskattsins að þessu sinni er meiri en sem svarar lækkun tollanna. Áætlað er, að öll tollalækkunin nemi um 500 milljónum króna, miðað við ársinn- flutning. Söluskattshækkunin mun hins vegar nema á ársgrundvelli um 830 milljón- um króna. Hér er því um að ræða nýjar álögur; enn auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Skýringar ríkisstjórnarinnar eru þær, að ríkissjóður þurfi á auknum tekjum að halda vegna vaxandi útgjalda. Það er sem sagt gamla sagan. Þó að fyrir liggi; að tekjur ríkissjóðs hafi raunverulega hækkað gífurlega s. l. tvö ár vegna tveggja gengislækkana, þá þarf samt á nýjum tekjustofnum að halda.

Með tveimur gengislækkunum, sem hækkuðu verð á erlendum vörum um rúm- lega 100%, hækkuðu að sjálfsögðu tolltekjur ríkissjóðs mikið, og tekjur ríkissjóðs hækkuðu einnig af söluskatti, um leið og allt verðlag í landinu stórhækkaði. En þrátt fyrir þessar stórauðnu tekjur þarf ríkissjóður enn á nýjum tekjustofnum að halda að dómi ríkisstjórnarflokkanna.

Aðaltillaga mín er sú, að frumvarpið verði fellt. Ég mun hins vegar gera tilraun til að fá umbætur á frv. og flyt því nokkrar breytingartillögur um að fella söluskatt- inn niður á ýmsum nauðsynjavörum.

Alþingi, 25. jan. 1970.

Lúðvík Jósefsson.